



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

185. fundur skólanefndar FS

1. júní 1994

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Guðjón Kristjánsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Ólafur Sigurðsson, Gísli Brynjólfsson, Hjálmar Arnason, skólameistari, og áheyrnarfulltrúinn Ingimundur Guðnason úr Gerðahreppi.

Dagskrá:

1. Útskrift vorönn 1994.
2. Ráðning kennara.
3. Önnur mál.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Útskrift vorönn 1994.

Útskrift fór fram á sal skólans laugardaginn 21. maí að viðstöddu fjölmenni. Dagskrá var með hefðbundnu sniði en auk þess voru heiðursmerki FS veitt í fyrsta sinn. Á útskriftinni afhenti Bragi Eyjólfsson skólanum rúmar 140.000 kr. frá Vélstjórafélagi Suðurnesja til uppbyggingar vélstjórnarbrautar. Á útskriftardaginn afhenti Halldór Pálsson einnig 150.000 kr. frá Iðnsveinafélaginu og Meistarafélagi byggingarmanna. Alls útskrifuðust 78 nemendur; 48 stúdentar, 18 af tæknisviði, 4 meistarar, 3 af tveggja ára bóknámsbrautum, 3 skiptinemar og 2 af sjavárútvegsbrautum. Alls voru 34 nemendur úr Keflavík, 12 úr Grindavík, 9 úr Njarðvík, 5 úr Sandgerði, 4 úr Vogum, 4 úr Garði, 2 úr Reykjavík og einn úr Höfnum, Hafnarfirði, Ólafsfirði, Neskaupstað, Fellabæ, Venezúela, Ítalíu og Ástralíu. Eftir útskrift voru tveir vinnudagar kennara þar sem farið var yfir starf vetrarins og önninni lauk síðan með vorferð starfsfólks. Innritun fyrir haustönn stendur nú yfir en henni lýkur 3. júní. Umsóknir sem berast eftir þann tíma fara á biðlista. Eins og undanfarið verða umsækjendur að koma í skólann til að sækja um og ræða þá við fulltrúa skólans en þetta fyrirkomulag hefur gefist vel. Aðsókn virðist ætla að verða góð.

2. Ráðning kennara.

Ingunn Þóra Magnúsdóttir hefur óskað eftir launalausum leyfi fram til áramóta og var það samþykkt. Nefndin samþykkti að ráða Magnús Óskar Ingvarsson áfangastjóra til fjögurra ára. Magnús Óskar vék af fundi meðan málið var rætt. Tveir sóttu um stöðu aðstoðarskólameistara; Ægir Sigurðsson og Oddný Harðardóttir. Ráðið verður í stöðuna á næsta fundi. Nefndin samþykkti að ráða eftirtalda kennara:

Alda Jensdóttir, íslenska
Gísli Torfason, umsjónarkennari
Guðný Arnadóttir, franska
Gunnlaugur R. Jónsson, danska
Hörður Ragnarsson, bókfærsla
Sigurlaug Kristinsdóttir, vélritun
Sumarrós Sigurðardóttir, danska
Svanhildur Kjær, hárgreiðsla
Þorvaldur Sigurðsson, samskipti og tjáning

Andrea S. Harðardóttir, saga; fram til áramóta
Klemens Sæmundsson, efnafræði
María Hreinsdóttir, þýska
Sigrid Österby, danska
Sigurbjörn Bragason, viðskiptafræði
Þorvaldur Örn Arnason, líffræði

Öðrum umsóknum var frestað fram yfir talningu nemenda. Auk þess var rætt um mál eins kennara og veitti nefndin skólameistara umboð til að leita eftir uppsögn hans en segja honum annars upp störfum.

3. Önnur mál.

- a) Hjálmar óskaði eftir því að næsti fundur skólanefndar verði haldinn innan tveggja vikna til að hægt sé að ganga frá ráðningum í tíma.
- b) Formaður las upp bréf frá Menntamálaráðuneyti þar sem tilkynnt er að Konráð Ásgrímsson og Oddný Harðardóttir snúi aftur til starfa 1. ágúst eftir ársleyfi og að Guðrún Erla Sigurðardótti hafi fengið leyfi frá 1. ágúst til 31. júlí 1995.
- c) Kristbjörn sagði frá störfum listskreytingarnefndar FS en ætlunin er að setja upp útilistaverk við skólann fyrir úthlutun úr listskreytingasjóði ríkisins vegna viðbyggingar. Upphaflega bárust tillögur frá 28 listamönnum og valdi nefndin 4 þeirra til að útfæra tillögur sínar. Nefndin heldur fund þann 8. júní og þá verður ákveðið hvaða verk verður valið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigríður Jóhannesdóttir
Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari